

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, b-áfangi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 23. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, b-áfangi.

Breytingin felur í sér að lóðarhafar verði að koma upp á eigin kostnað 0,9-2 m hárrí afmörkun/girðingu á lóðarmörkum sem liggja að bæjarlandi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 1. áfangi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 12. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 1. áfangi.

Breytingin tekur til Geislatúns 2-10 og felur í sér stækkun á byggingarreitum fyrir sólstofur við hverja íbúð úr 3 x 5 m í 4,2 x 5 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var ekki talin þörf á grenndarkynningu sbr. 44. gr. sömu laga og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. júní 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 2. júlí 2024